

Fundagerð stjórnar 9.nóvember 2015

Stjórnarfundur var haldinn í fjár- og hjarðhundadeild mánudaginn 9. nóvember kl. 19:30 í húsnæði HRFÍ í Síðumúla

Mætt voru Ingibjörg og Hilmar úr stjórninni auk þess sem Systa tengiliður fyrir Aussie sat fundinn. Allir tengiliðir eru velkomnir á stjórnarfundum deildarinnar.

Hundar ársins.

Rætt að á síðustu deildarsýningu – 2013 hafi stig frá deildarsýningu verið reiknuð inn í listann yfir stigahæstu hunda deildarinnar. Það verður líka gert að þessu sinni. Formaður ráðfærir sig við tengiliði á fb síðunni áður en endanlega verður gefið út hvaða hundar eru stigahæstir.

Heilbrigðisnefnd

Ákveðið var að leggja heilbrigðisnefndina niður en einungis hafa komið niðurstöður frá Guðrúnu varðandi Border Collie, Briard og Old English. Stjórnin setur það því í hendur tengiliða hvort þeir fara yfir heilbrigði sinna tegunda eða fá sjálfboðaliða til þess.

Uppskeruhátíð

Eftir nokkrar umræður var ákveðið að Uppskeru- og aðventuhátíð deildarinnar verður haldin 3. desember kl 19:30. Tengiliðir og stjórnarmenn eru hvattir til þess að safna vinningum og fá félagsmenn til þess að fjölmenna. Takmarkið er á fá 40 gesti.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 20:30
Ingibjörg Ólafsdóttir ritari og formaður